  5. Hallgrímur Sigursteinn Hallgrímsson, fæddur í Stærra-Árskógi við Eyjafjörð 14. sept. 1888. Foreldrar Hallgrímur gagnfræðingur Sigurðsson og Sigurbjörg Jónsdóttir.
  6. Möller, Carl, fæddur í Kjellerup, Hörupsogn, Lysgaardherred í Danmörku 12. sept. 1893. Foreldrar: Isenkræmmer Frederik Christian Möller og kona hans Ane Katrine f. Nielsen. Aths. Fimm hinir fyrstnefndu höfðu tekið gagnfræðapróf á Akureyri, en hinn síðastn. í Danmörku.

## b. Inntökupróf við lok skólaársins.

### *Tæk í 1. bekk.*

1. Annanía Augusta Helgason, fædd í Reykjavík 1. des. 1895. Foreldrar: lektor Jón Helgason og kona hans Marta Maria (f. Licht) Helgason.
2. Árni Pálsson, fæddur á Geirseyri við Patreksfjörð 4. janúar 1897. Foreldrar: Páll borgarstjóri Einarsson og kona hans Sigríður Árnadóttir (f. Thorsteinson).
3. Brynjólfur Stefánsson, fæddur að Selalæk í Rangárvallasýslu 1. sept. 1896. Foreldrar: Stefán bóndi Brynjólfsson og kona hans Guðríður Guðmundsdóttir.
4. Gíslí Ólafsson, fæddur á Hvoli í Saurbæjarþingum 19. sept. 1897. Foreldrar Ólafur prófastur Ólafsson og kona hans Guðrún Birgitta Gísladóttir.
5. Haukur Jensen, fæddur á Akranesi 21. marz 1896. Foreldrar: Thor A. F. Jensen, kaupmaður og kona hans Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir.
6. Helgi Jónasson, fæddur á Reynifelli í Rangárvallasýslu 19. apríl 1894. Foreldrar: Jónas bóndi Árnason og kona hans Sigríður Helgadóttir.
7. Jófriður Ragnheiður Zoëga, fædd í Reykjavík 2. okt. 1896. Foreldrar: Geir yfirkennari Zoëga og kona hans Bryndís Zoëga.

8. Jón Norðmann, fæddur í Reykjavík 24. marz 1897. Foreldrar: Jón kaupmaður Norðmann og kona hans Jörunn Einarsdóttir.
9. Jón S. Thoroddsen, fæddur á Ísafirði 18. febr. 1898. Foreldrar: Skúli alþingismaður Thoroddsen og kona hans Theodóra Thoroddsen.
10. Kristín Valgerður Ólafsdóttir, fædd í Reykjavík 19. janúar 1896. Foreldrar: Ólafur söðlasmiður Eiríksson og kona hans Theodóra Guðrún Þorkelsdóttir.
11. Ólöf Jónsdóttir, fædd í Reykjavík 20. des. 1896. Foreldrar Jón yfirdómari Jensson og kona hans Sigríður Hjaltadóttir (Thorberg).
12. Rasmus Morten Ottesen, fæddur á Ytra-Hólmi á Akranesi 16. okt. 1895. Foreldrar: Oddgeir kaupmaður Ottesen og kona hans Sigurbjörg Sigurðardóttir.
13. Sigurður Grímsson, fæddur á Ísafirði 20. apríl 1896. Foreldrar: Grímur kennari Jónsson og kona hans Ingveldur Guðmundsdóttir.
14. Stefán Jóhann Guðmundsson, fæddur á Sauðárkrók 9. nóv. 1896. Foreldrar: Guðmundur verzlunarmaður Einarsson og kona hans Jóhanna Stefánsdóttir.
15. Steinunn Anna Bjarnadóttir, fædd í Reykjavík 11. júlí 1897. Foreldrar: Bjarni kennari Sæmundsson og kona hans Steinunn A. M. Sveinsdóttir.
16. Svafar Guðmundsson, fæddur á Akureyri 17. febr. 1898. Foreldrar: Guðmundur héraðslæknir Hannesson og kona hans Karólína Ísleifsdóttir.
17. Sveinn Aðalsteinn Sigurðsson, fæddur á Þönglabakka 1. okt. 1897. Foreldrar: Sigurður prestur Jónsson og kona hans Guðrún Metta Sveinsdóttir.
18. Þorkell Gíslason, fæddur á Gelti í Grímsnesi 13. des. 1894. Foreldrar: Gísli bóndi Þorkelsson og kona hans Ingunn Jónsdóttir.

## D. Gagnfræðapróf

(burtfararpróf gagnfræðadeildar).

1. Í októbermánuði 1909.

Prófi þessu lauk þá skólasveinninn Hallgrímur Hermannsson, er eigi hafði getað tekið nema nokkurn hluta þess um vorið sökum veikinda; enn fremur utanskólasveinninn Þorvaldur Thoroddsen, sem eigi hafði mátt ganga undir prófið

um vorið sökum mislingahættu. Prófdómendur voru skipaðir af Stjórnarráðinu með bréfi dags. 27. sept. verkfræðingur Knud Zimsen og cand. mag. Jón Ófeigsson.

Við prófið fengu piltarnir þessar einkunnir:

Nöfn.	Íslenska munnl.	Íslenska skrifl.	Danska munnl.	Danska skrifl.	Enska munnl.	Enska skrifl.	Sagnfræði.	Landfræði.	Náttúruæga	Eðlisfr. efnifr.	Stærðfr. munnl.	Stærðfr. skrifl.	Teikning.	Ritileikni.	Stig.	Meðaleinkunn.	Hannyrð.	Leikfni.	Söngur.	Hegðun.
	Hallgrímur Hermannsson	5	5	5	4	5	3	5	3	5	3	1	2	6	5	57	4,1	4		
Porvaldur Thoroddsen	5	4	4	2	4	3	5	4	4	4	5	5	4	3	56	4,0	4			

Verkefnið í hinu skriflega prófi í október 1909 voru:

### 1. Íslenskar ritgjörðir.

#### a. Endursögn.

Skíðissprotinn (úr Draugasögum Jóns Árnasonar, bls. 55—57. Rv. 1906).

#### b. Að segja ferðasögu.

### 2. Í danskan stíl.

Allflestir eyjarskeggjar skilja dálitið í ensku; það er að segja: þekkja ensk nöfn á vanalegustu hlutum. og með þessum orðum og nokkrum bendingum gátum vér gert oss skiljanlega hver við annan. Um kvöldið, þegar vér fórum niður að bátunum, sáu vér skemtilega sjón. Fjöldi af börnum voru að leika sér í fjörunni; þau höfðu kynt eld, sem lýsti upp trén í kring og spegillfagran sjóinn; smábörnin stóðu í kring og sungu kvæði. Vér settumst niður og hlustuðum á. Sjón þessi bar glögglega vott um, að vér sátum á strönd einhverrar hinna nafnfrægu eyja í Kyrrahafi.

Snemma morguns daginn eftir var mesti sægur af bátum kominn út að skipinu; voru þar varla færri en 200 manns og var þeim leyft að koma upp á skipið. Allir á skipinu voru á sama máli um það, að vart mundi hafa verið hægt að velja jafnömarga menn af einhverri annari þjóð, sem gerði jafnlitla háreysti. Allir vildu þeir selja eitt-hvað. Tahitibúar þekkja nú vel peningagildi, og vildu þá miklu fremur en gömul fót og annað það, er villimenn sækjast svo mjög eftir; þó þektu þeir eigi vel enska og spænska smápeninga, og voru eigi í



rónni fyr en þeir höfðu víxlað þeim og fengið silfur-dollara fyrir. Sumir höfðingjar þeirra höfðu safnað saman allmiklu fé. Fyrir nokkru síðan bauð höfðingi einn 800 dollara fyrir dálitið skip, og oft kaupa þeir hesta og báta fyrir 50—100 dollara.

### 3. *Í enskan stíl.*

Fyrir mörgum árum var hópur af konum og körlum á ferð um stóran skóg á Englandi, á leið til London. Þegar nóttin kom, fóru þau að tala um, hvaða hætta gæti borit að höndum á ferðalögum, og sagðist þá einhver vera hræddur um, að ræningjar kynnu að koma og ráðast á þá. Einn af mönnunum sagðist hafa á sér tíu pund og vissi hann ekki, hvar hann ætti að fela þau. Kona, sem sat við hliðina á honum, réð honum að stinga peningunum í stígvélin sín; gerði hann það þegar í stað og þakkaði konunni mjög vel fyrir hið góða ráð hennar. Rétt á eftir komu tveir menn ríðandi að vagninum og skipndu ferðamönnunum hranalega að láta af hendi pyngjur sínar. Konan sagðist enga peninga hafa á sér. „En,“ sagði hún, „ef þið færið manninn þarna úr stígvélunum, þá munuð þið finna tíu pund.“ Maðurinn varð að láta af hendi peninga sína. Jafnskjótt og ræningjarnir voru farnir, sneru allir ferðamennirnir sér að konunni og sögðu, að hún hlyti að vera vinur þjófanna. „Ykkur kann að sýnast svo,“ svaraði hún, „en ef þið viljið gera mér þá ánægju að borða miðdegisverð hjá mjer á morgun, þá skal jeg segja ykkur, hvers vegna jeg gerði það sem jeg gerði.“ Þeir þáðu það.

*Í stærðfræði fékk hvor um sig sérstakt verkefni.*

### 2. Í júnimánuði 1910.

Við próf þetta voru þeir dýralæknir Magnús Einarsson og cand. mag. Jón Ófeigsson, cand. phil. Þórður Jensson og séra Bjarni Hjaltsted skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðs dags. 31. maí þ. á. Undir þetta próf gengu 10 þriðjubekkingar og 13 utanskólanemendur. Af utanskólanemendum stóðust 2 eigi prófið, og þrir gátu eigi lokið því sökum sjúkdómsforfalla.

Nöfn.	Íslenska munnl.	Íslenska skrifl.	Danska munnl.	Danska skrifl.	Enska munnl.	Enska skrifl.	Sagnfræði.	Landfræði.	Náttúrufræði.	Edlisfræði.	Stærðfr. munnl.	Stærðfr. skrifl.	Teikning.	Rítelkni.	Stig.	Medaleinkunn	Hannyrð.	Leikfimi	Söngur.	Hegðun.
Skólanemendur :																				
1. Eiríkur Helgason . .	5	4	5	4	4	3	5	5	4	5	1	1	6	4	56	4,0	5	5	6	7
2. Erlendur Þórðarson .	6	5	5	2	6	5	7	6	7	7	6	5	7	4	78	5,6	7	6	6	8
3. Guðm. Guðmundsson	5	4	6	5	5	4	5	5	5	5	4	6	5	5	69	4,9	6	6	6	8
4. Gunnar E. Benediktss.	4	4	5	1	4	3	5	5	4	5	4	2	6	4	56	4,0	6	5	7	8
5. Halldór Gunnlaugsson	6	5	7	4	6	5	6	6	5	6	5	3	5	4	73	5,2	6	6	7	8
6. Jón Benediktsson . .	6	4	6	5	5	4	6	6	5	7	5	4	5	4	72	5,1	5	6	6	8
7. Karl Magnússon . . .	4	4	6	3	5	5	5	5	4	5	5	2	6	4	61	4,4	5	5	6	7
8. Kristín Thoroddsen .	4	4	5	2	5	3	6	4	5	4	4	1	2	3	52	3,7	3	5	7	8
9. Kristján Arinbjarnars.	3	4	5	3	5	3	5	4	4	5	4	2	6	4	57	4,1	4	5	6	8
10. Páll Skúlason . . . .	6	5	7	4	6	6	6	4	6	6	4	4	4	3	71	5,1	6	6	6	7
Utanskólanemendur:																				
Gíslí Magnússon . . . .	6	6	6	4	5	2	5	6	4	4	3	1	5	6	63	4,5	2			
Jón Bjarnason . . . . .	6	5	5	2	7	4	7	7	5	6	5	2	3	4	68	4,9	3			
Leifur Sigfússon . . . .	5	4	5	4	7	5	3	5	4	4	1	1	4	5	57	4,1	3			
Rögnvaldur Guðm.son	6	4	6	3	5	3	5	5	6	6	2	2	5	6	64	4,6	2			
Rögnv. E. G. Waage	3	3	4	2	6	4	5	3	2	5	4	2	5	4	52	3,7	3			
Sigfús Þ. H. Blöndal	4	5	5	5	5	2	6	4	4	5	3	1	4	6	59	4,2	5			
Sigurgeir Sigurðsson	4	4	4	3	4	3	4	3	3	3	3	1	4	6	49	3,5	1			
Valgeir Björnsson . . .	4	4	4	4	6	5	5	3	6	6	5	3	7	6	68	4,9	6			

1. Gíslí Magnússon, sjá inntökupróf til 1. b. vorið 1907.
2. Jón Bjarnason, sjá inntökupróf til 1. b. haustið 1907.
3. Leifur Sigfússon, sjá inntökupróf til 1. b. vorið 1907.
4. Rögnvaldur Guðmundsson, sjá inntökupróf til 1. b. vorið 1907.
5. Rögnvaldur Emil Guðmundsson Waage, fæddur í Stóru-Vogum í Gullbringusýslu 5 febr. 1892. Foreldrar Guðmundur Jónsson Waage og kona hans Jósephína J. Waage.
6. Sigfús Þ. Halldórsson Blöndal, sjá inntökupróf til 1. b. vorið 1907.
7. Sigurgeir Sigurðsson, sjá inntökupróf til 1. b. haustið 1905.
8. Valgeir Björnsson, sjá inntökupróf til 1. b. vorið 1907.
9. Þorvaldur S. Thoroddsen, sjá inntökupróf til 1. b. vorið 1905.

## Verkefnin í hinu skriflega prófi í júní 1910.

### 1. Íslenskar ritgerðir.

#### a. Endursögn.

Íslenskar þjóðsögur I. b. bls. 88: „Faxi“.

#### b. Ritgerð.

Að skýra frá því, hvað gert er til að efla samgöngur á sjó og landi manna á milli á Íslandi og við önnur lönd.

### 2. Í danskan stíl.

Það mátti oft heyra og sjá á Napóleoni, að hann vildi vera hinn kurteisasti í tali sínu við konur; en því fór fjarri, að honum tækist það. Þegar hann átti tal við konur, varð honum helzt tíðrætt um búning þeirra; var hann þá bæði harður og *smásmugulegur*<sup>1)</sup> í dómum sínum; hann var og vanur að spyrja þær, hvað mörg börn þær ættu, og oft inti hann þær eftir, hvort þær hefðu *haft* sjálfar börn sín á brjósti,<sup>2)</sup> og voru orð hans á stundum ekki sem sæmilegust. Hann spurði þær og oft um ýmislegt, sem almenning varðar ekkert um að vita, og varð því samtal hans líkara klaufalegum áminningum en kurteislegum viðræðum; að minsta kosti verður eigi annað um það sagt, þegar þess er gætt að þetta fór fram við hirðina. Þetta varð til þess, að hann fékk oft fremur ónotaleg andsvör; en hann gat ekki svarað svo vel færi á. Það lá við að hann legði hatur á þær konur, sem voru að skifta sér af stjórnmálum eða trúarbrögðum.

### 3. Í enskan stíl.

Maður nokkur þurfti að fá leigðan vagn og tvo hesta í eins dags ferð. Hann átti að koma aftur sama kvöldið. Maðurinn, sem hann leitaði til, neitaði beiðni hans, því hann var hræddur um, að maður þessi kynni að vera þjófur, og vildi ekki eiga á hættu að missa vagn sinn og hesta. Þá sagði maðurinn: „Jæja, ég skal kaupa vagninn og hestana, ef þér viljið ákveða eitthvert verð. Eg kem líklega aftur um kl. 8 í kvöld, og þá getið þér keypt þá af mér aftur fyrir sama verð.“ Eigandinn félst á þessa uppástungu og heimtaði hundrað pund. Maðurinn fékk honum peningana, og greiddi eigandinn honum þá aftur um kvöldið og tók við vagninum og hestunum. Síðan sneri maðurinn sér við og ætlaði að fara, en eigandi vagnsins og hestanna stöðvaði hann

1) Smásmugulegur = smaalig. 2) Hafa börn á brjósti = opam-me Börn.

og sagði: „Þér hafið gleymt að greiða leiguna!“ „Leiguna!“ Ég hef ekki tekið neitt á leigu af yður. Ég hefi ekið í vagni, sem keypti af yður í morgun. Og nú hafið þér keypt hann og hestana af mér aftur, er ekki svo?“

*Í stærðfræði fékk hver nemandi sérstakt verkefni.*

## E. Burtfararpróf (stúdentspróf)

var haldið í júnimánuði. Voru þeir landsbókavörður Jón Jakobsson, docent Haraldur Nielsson og verkfræðingur Knud Zimsen skipaðir prófdómendur við próf þetta með bréfi Stjórnarráðsins dags. 31. maí þ. á.

Undir próf þetta gengu auk 6. bekkinga 11 utanskóla-sveinar. Af þeim gekk einn frá prófi og tveir stóðust eigi prófið.

Verkefnin í hinu skriflega stúdentsprófi voru:

### 1. *Í íslenska ritgerð.*

Snorri Sturluson. Æfiatriði hans og ritverk  
eða  
Þýðing vinnunnar fyrir líkama og sál.

### 2. *Í danskan stíl.*

Í djúpri lynggróinni laut, þar sem skugga bar á, kúrði rjúpa. Hún hafði komið auga á val, er flaug fram hjá.

„Alt líf mitt er eilífur flótti,“ hugsaði hún, „ýmist undan klóm fálkans eða kúlu veiðimannsins.“

Hún skalf af angist og kvíða. En allt í einu heyrði hún svo indælan svanasöng. Slíkan söng hafði hún aldrei áður heyrt. Það var sem þungum steini væri létt af hjarta hennar. Hún fór að baða vængjunum og sveiflaði sér hugrökk og vonglöð út í bládjúpan geiminn.

„Við þenna svanasöng er sælt að deyja,“ hugsaði skotsár önd, er hafði sloppið undan veiðimanninum og falið sig í sefinu. Hún gleymdi sársaukanum og hlustaði hugfangin á sönginn, þangað til hún sofnaði. Hana dreymdi sæla og undraverða drauma. Hún vaknaði aldrei aftur.

„Oft hefir sólarlagið verið fagurt hérna á heiðinni, en aldrei eins og nú“, hugsaði hinn deyjandi svanur, þegar logarauð kvöldsólin var að ganga undir bak við hnjúkana og himininn var í björtu báli.

Nú vaknaði lífsþráin af nýju í brjósti hans. Hann fór að hugsa um, hve sælt það væri, að mega nú lifa ögn lengur og njóta slíkrar fegurðar. Hann var kominn á flugstig með að flöggra niður í tófugrenið og leita sér lækningar þar niðri. En í sama bili rankaði hann við sér Hann herti sundið, svo vatnið gáradist blóðlitad undan skotsáru bringunni hans. Svo sveigði hann hálsinn og slarði dreymandi augum á kvöldroðann, meðan hann söng síðasta sönginn sinn af óviðjafnanlegri snild.

### 3. Í enskan stíl.

Dáti nokkur kom skálmandi eftir þjóðveginum — vinstri, hægri; vinstri, hægri. Hann bar hertösku<sup>1)</sup> sína á baki og kórða við hlið, því að hann hafði verið í stríðinu og var nú á leiðinni heim til sín. Bar þá svo til, að hann mætti gamalli galdranorn á veginum; hún var afskaplega ljót — hreint og beint andstyggileg ásýndum, því að neðri vörin lafði niður yfir höku nærri því ofan á brjóst.

„Gott kvöld, dáti sæll,“ sagði hún. „En hvað sverðið þitt er falllegt og hertaskan þín stór! Þú ert almennilegur dáti, og þú skalt fá eins mikla peninga og þú getur frekast óskað þér.“

„Þakka þér fyrir, gamla kerlingarnorn!“ sagði dátinn.

„Sérðu stóra tréð þarna?“ mælti kerling og benti um leið á tré, sem stóð rétt við veginn. „Það er holt að innan. Ef þú klifrar upp í toppinn, þá muntu finna op og geturðu rent þér niður um það og komist langt niður í tréð. Ég skal bregða reipi yfrum þig miðjan, svo að ég geti dregið þig upp aftur, þegar þú kallar til mín.“

„Og hvað á ég að gera niður í tréð?“ sagði dátinn

„Sækja peninga,“ sagði kerling. „Því að það get ég sagt þér, að þegar þú ert kominn niður á botn, muntu finna gang<sup>2)</sup> mikinn og víðan undir rótum trésins, uppljómaðan af meira en þrjú hundruð lömpum. Þá muntu sjá þrjár dyr að þrem stofum, sem þér mun auðvelt að komast inn í, því að lyklarnir standa í skránum. Farirðu inn í fyrsta herbergið, muntu sjá þar á gólfinu stóra kistu, og á kistunni situr hundur og augun í honum eru eins stór og tebollar. En hirtu ekki hót um hann.“

1) Hertaska = knapsack. 2) Gangur = hall.

Nöfn.	Fæðingardagur.	Íslenska munnl.	Íslenska skrifl.	Danska munnl.	Danska skrifl.	Enska munnl.	Enska skrifl.	Fyzka.	Franska.	Latína.	Sagnfræði.	Náttúrufræði	Stærðfræði.	Ritfeltni.	Stíg.	Meðaleinkunn.	Leikfimi.	Hegðun.	
Skólanemendur:																			
1. Brynjólfur Árnason .	7/8 86	5	5	5	3	5	3	5	4	5	6	5	3	4	58	4,5		8	
2. Helgi Guðmundsson .	20/9 90	6	5	6	4	6	4	6	6	6	5	7	7	5	73	5,6	6	8	
3. Laufey Valdimarsd. .	1/3 90	5	6	7	5	6	6	6	6	6	5	5	4	5	72	5,5		8	
4. Ólafur Jónsson . . . .	19/11 89	5	4	7	5	5	3	6	5	6	6	7	5	6	70	5,4		7	
5. Sigurður Sigurðsson .	21/9 84	6	5	5	2	5	2	5	4	5	5	5	3	6	58	4,5	6	8	
6. Þórhallur Jóhanness.	18/6 87	6	5	7	4	7	6	7	7	6	6	7	5	6	79	6,1	6	8	
7. Þorsteinn Þorsteins.	29/12 84	6	5	5	2	4	2	4	4	4	7	7	4	4	58	4,5	6	8	
Utanskólanemendur:																			
Guðm. J. Kamban . . .	8/6 88	4	5	6	5	5	4	6	5	3	2	2	0	6	53	4,1		6	
Halldór Hansen . . . .	25/1 89	4	5	4	2	5	5	4	5	3	5	4	5	6	58	4,5		8	
Helgi Skúlason . . . .	22/6 92	4	4	6	4	6	5	6	6	6	4	3	3	5	62	4,8		7	
Jón Ásbjörnsson . . . .	18/3 90	6	5	5	3	6	4	5	5	4	6	5	2	4	60	4,6		7	
Sighvatur Blöndahl .	10/2 89	5	4	6	2	4	4	5	5	5	5	2	4	56	4,3		8		
Sigtryggur Eiríksson	10/6 89	5	5	6	3	6	4	5	5	4	6	3	5	4	61	4,7		7	
Skúli Skúlason . . . .	27/7 90	4	5	5	3	5	3	5	4	6	5	6	4	4	59	4,5		8	
Steingrímur Jónsson .	18/6 90	6	4	6	3	6	4	6	6	6	4	6	7	4	68	5,2		7	

## VII. Stjórn skólans.

### 1. Auglýsing

um prófreglugjörð fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

Samkvæmt þegnegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefir hans hátign konunginum í dag þóknast allramildilegast að staðfesta eftirfylgjandi prófreglugjörð fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

## I. KAFLI.

## Um skólanemendur.

## 1. gr.

Burtfararpróf lærdómsdeildar hins almenna mentaskóla nefnist stúdentspróf.

Þeir, sem ganga undir stúdentspróf, skulu reyndir í því, sem þeir hafa lesið í lærdómsdeildinni, en skólanemendur þó með takmörkun þeirri, sem leiðir af ákvörðunum 2. gr. og 3. gr. Skólameistari ákveður fyrir 1. marz ár hvert í samráði við kennara og með samþykki stjórnarráðs, hverjum köflum megi sleppa úr því, sem lesið hefir verið í allri deildinni.

## 2. gr.

Ekkert próf skal haldið í:

1. kristnum fræðum.
2. fornaldarfræði.
3. leikfimi.
4. söng.

Þó skal fyrir stúdentsprófið sýna leikni nemendanna í leikfimi og söng.

## 3. gr.

Kröfurnar til stúdentsprófs skólanemenda í einstökum greinum eru sem hér segir:

## 1. Íslenzka.

## A. Munnleg.

a. Nemendur skulu hafa til prófsins valda kafla úr bókmentum Íslendinga að fornu og nýju í bundnu máli og óbundnu, að minsta kosti 300 bls. í venjulegu 8 blaða broti, er vandlega hafa verið lesnir í lærdómsdeildinni.

b. Að minsta kosti 300 bls. af köflum úr ritum þeim (sögu, skáldsögum, ljóðum o. s. frv.), er lauslega hefir verið farið yfir.

c. Ágrip af bókmentasögu Íslands.

d. Stutt ágrip af norrænni goðafræði og íslenzkri bragfræði að fornu og nýju.

Í munnlega prófinu skal leggja fyrir hvern nemanda tvær spurningar:

1. úr bókmentum Íslendinga fornum eða nýjum; skal nemandinn lesa upp valinn kafla, gjöra grein fyrir efni hans og orðfæri, og svara uppá spurningar lútandi að norrænni og íslenzkri málfræði, goðafræði og bragfræði og öðru því, er kafllinn gefur ástæðu til að spyrja um.

2. úr sögu íslenzkra bókmenta.

B. Skrifleg:

Íslenzk ritgerð. Gefa skal nemendum kost á að velja um 2—3 verkefni.

## 2. Danska.

A. Munnleg.

Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 150 bls. í venjulegu 8 blaða broti, í bundnu máli og óbundnu, sem þeir hafa vandlega lesið. Skal hver nemandi reyndur í því og lagðar fyrir hann þær spurningar, sem efni og orðfæri gefa sérstaklega tilefni til. En auk þess skal hann reyndur í merkjum atriðum úr bókmentasögu Dana og Norðmanna frá miðri 18. öld og fram til vorra daga, — og í ólesnum kafla í óbundnu máli eða bundnu. Jafnframt skal munnlega prófinu hagað þannig, að vissa fáið fyrir því, að hver nemandi skilji vel mælt danskt mál og geti talað um algeng og hversdagsleg efni á dönsku.

B. Skrifleg.

Skriflega prófið skal annaðhvort vera endursögn á dönskum kafla, er sje almenns efnis og laus við sérfræðileg, sjaldgæf orð og talshætti. eða nemendurnir snúi samfeldum kafla úr íslenzku á dönsku, er má vera alt að 25 línur í prentuðu máli.

## 3. Enska.

A. Munnleg.

Til prófsins skulu nemendur hafa að minsti kosti 200 bls. í venjulegu 8 blaða broti af ritum þeim í óbundnu máli og bundnu, er þeir hafa lesið vandlega (sbr. Bráðabirgðareglu-



gjörð lærdómsdeildarinnar 4. gr. 3. lið 2. málsgrein 1—3.) Hver nemandi skal reyndur í hæfilega löngum kafla af lesmáli þessu. Er kennari sjálfráður um, hvort hann lætur nemanda snúa öllum hinum lesna kafla á íslenzku, eða snúa sumu og útskýra sumt á ensku; en andsvör nemanda sýni bert að hann skilji til hlítar kafla þann, sem hann er reyndur í. Þó getur hinn skipaði prófdómandi krafist þess, ef hann telur það nauðsynlegt, að nemandinn snúi öllum kaflanum á íslenzku. Auk þess skal reyna nemandann í ólesnum kafla í óbundnu máli, svo og leggja fyrir hann nokkrar spurningar úr bókmentasögu. Leikni nemandans í að tala málið skal reynd með viðræðum, er kennarinn tengir við kafla þá í lesnu eða ólesnu, er nemandinn hefur komið upp í, og sýni nemandinn þannig, að hann geti talað viðstöðulaust um algeng og hversdagsleg efni.

#### B. Skrifleg.

Skriflega prófið skal annaðhvort vera endursögn á enskum kafla, sem sé auðskilinn að efni og án sjaldgæfra sérfræðilegra orða og talshátta, eða lagt skal fyrir nemendurna að snúa úr íslenzku á ensku samfeldum kafla, er sé ekki lengri en 25 prentaðar linur, eða þeim skal fengið auðvelt verkefni í enska ritgjörð, er ekki þurfi að valda þeim erfiðleika eða yfirlegu, að því er efni og niðurskipun snertir.

#### 4. Þýzka.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa undir prófið um 150 bls. í venjulegu 8 blaða broti, ýmislegs efnis, er þeir hafa lesið vandlega tvö síðustu árin. Af lesmáli þessu séu um 25 blaðsíður kvæði og ljóð, og um 50 bls. mælt nútíðarmál. Skal hver nemandi reyndur í lesnum kafla, endursögn og stuttum viðræðum um hann. En auk þess skal hann reyndur í ólesnum kafla í óbundnu nútíðarmáli. Þegar einkunn hans er ákveðin, skal ekki lögð minni áherzla á frammistöðu hans í því ólesna en í hinu lesna.

### 5. Frakkneska.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa til prófs um 100 bls. í venjulegu 8 blaða broti, er þeir aðallega hafa lesið síðara árið. Við prófið skal mest áherzla á það lögð, að framburðurinn sje góður og þýðingin rétt. Kennari skal reyna kunnáttu nemanda í frakkneskri málfræði með því að leggja fyrir hann nokkrar málfræðislegar spurningar, sem kaflinn gefur ástæðu til að spyrja um.

### 6. Latína.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa undir prófið að minsta kosta 70 bls. í venjulegu 8 blaða broti af því, sem vandlega hefir verið lesið í óbundnu máli ýmislegs efnis tvö síðustu árin, og í bundnu máli um 600 hexametra og 400 visuorð í kvæðum Hórazar. Við prófið skal hver nemandi reyndur í tveimur stöðum í lesmáli því, er haft er til prófsins, öðrum í óbundnu máli og hinum í bundnu máli. Er nemandi hefir þýtt hinn valda kafla, leggur kennarinn fyrir hann nokkrar spurningar, málfræðislegs og efnisleg eðlis, er sýni, að hann veit full deili á efni því, sem hann er reyndur í, og hefir náð þeirri festu í latneskri málfræði, sem er áskilin í Bráðabirgðareglugjörð lærdómsdeildarinnar II, 4. gr. 6. fyrstu málsgrein.

### 7. Sagnfræði og félagsfræði.

Prófið er eingöngu munnlegt í greinum þessum.

Í sögu skal prófað í 1) sérkaflanum (sbr. Bráðabirgðareglugjörð lærdómsdeildarinnar II. 4. gr. 9. 3. málsgrein), 2) í almennri sögu frá 1789 fram til vorra tíma, 3) í Norðurlandasögu frá 1784 til vorra tíma, og 4) í Íslandssögu: Fornöldin til 1280 og frá miðri 18. öld til vorra daga.

Í félagsfræði skal reynt í stjórnarskipun, landsstjórn og héraðsstjórn Íslands á vorum dögum, og í ágripi yfir stjórnarskipun og stjórnarfar nokkurra menningarlanda hér í álfa, er lesið hefir verið síðasta árið í lærdómsdeildinni.

Tvær spurningar skulu lagðar fyrir hvern nemanda; skal

önnur þeirra vera úr almennu sögunni, Norðurlandasögu eða Íslandssögu, en hin úr sérkaflanum eða félagsfræðinni.

#### 8. Náttúrufræði.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa til prófs sem svarar  $\frac{2}{3}$  af því, sem lesið hefir verið. Leggja skal fyrir hvern nemanda tvær spurningar; 1) úr almennri náttúrusögu, landafræði eða líf-eðlisfræði mannsins, 2) úr stjörnufræði eða eðlisfræði.

#### 9. Stærðfræði.

Prófið er eingöngu munnlegt.

Nemendur skulu hafa til prófs sem svarar  $\frac{2}{3}$  af því, sem lesið hefir verið í deildinni. Leggja skal fyrir hvern nemanda tvær spurningar: 1) úr talnafræði, 2) úr flatarmálsfræði.

#### 4. gr.

Þrír prófdómendur skulu dæma um hina skriflegu og munnlegu frammistöðu í hverri grein. Skal einn þeirra vera kennarinn í þeirri námsgrein, sem prófað er í, en af hinum tveimur velur stjórnarráðið annan en skólameistari hinn.

#### 5. gr.

Allar einkunnir hafa sama gildi í hverri námsgrein. Einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir á ekki að leggja saman við einkunnir fyrir munnlega frammistöðu í sömu námsgrein. Að eins eina einkunn skal gefa fyrir alla hina munnlegu frammi-stöðu í heild sinni í hverri námsgrein, og aðra einkunn fyrir skriflega, og það eins þótt lagt sé fyrir nemandann fleiri en eitt verkefni til úrlausnar, eða þótt námsgreinir skiftist í fleiri deildir.

#### 6. gr.

Einkunnir eru þrennskonar.

1. Prófseinkunnir eru þær einkunnir, sem gefnar eru fyrir munnlega eða skriflega frammistöðu við stúdentspróf í hverri einstakri námsgrein.

Við munnlegt próf eiga prófdómendurnir, að afloknu prófi

í hverri námsgrein, að bera saman einkunnirnar, sem þeir hafa gefið, og kveða upp að því loknu prófseinkunn hvers nemanda í námsgreininni.

2. Árseinkunnir eru meðaltal þeirra þriggja einkunna, er hver kennari gefur í sinni kenslugrein, eða sínum kenslugreinum, til þess að láta í ljós álit sitt um ástundun og kunnáttu nemanda í þeim námsgreinum, sem hann kennir. Skulu þær einkunnir ritaðar í bók, sem til þess er ætluð, og meðaltal þeirra reiknað út við lok kensluársins og fært inn í bók þessa.

3. Fullnaðareinkunn. Fullnaðareinkunn er sú einkunn, sem kemur út, þegar lögð er saman prófseinkunn, sem gefin hefir verið fyrir munnlega frammistöðu í námsgrein, og árs-einkunn í námsgreininni, og því, sem út kemur síðan deilt með tveimur.

Prófseinkunn fyrir skriflega úrlausn í námsgrein er fullnaðareinkunn í henni.

#### 7. gr.

Við stúdentspróf skal að jafnaði að eins gefa þrjár einkunnir. Þessar einkunnir séu táknaðar með tölunum 6, 4, 2. Enn fremur má í viðlögum gefa einkunnirnar 8 og 0. Þó geta millieinkunnirnar 1, 3, 5, 7 komið fram sem meðaltal af áðurnefndum einkunnum (sbr. Bráðabirgðareglugjörð lærdómsdeildarinnar 5. gr.). En samt skulu prófseinkunnirnar 0 og 8 koma fram, ef tveir prófdómendur kveða þann dóm upp.

Sleppa skal öllum brotum minni en  $\frac{1}{2}$ , en  $\frac{1}{2}$  og þaðan af stærra brot gert að heilum, þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru.

#### 8. gr.

Einkunn fyrir ritleikni (frágang á skriflegum úrlausnum) kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem kennarar og prófdómendur gefa fyrir frágang á hinum skriflegu prófúrlausnum, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna.

#### 9. gr.

Til þess að standast stúdentspróf má meðaleinkunn í

islenzku, dönsku, ensku, þýzku, frakknesku, latínu, sagnfræði, náttúrufræði, stærðfræði og frágangi á skriflegum úrlausnum eigi vera lægri en 4. Þó skal nemandi þeim, sem við munnlegt eða skriflegt próf fær prófseinkunnina 0 tvisvar sinnum, vísað frá prófi.

## II. KAFLI.

### Um utanskólanemendur.

#### 10. gr.

Foreldrar eða vandamenn utanskólanemanda, sem ætlað er að ganga undir stúdentspróf, skulu senda skólameistara umsókn um það fyrir 15. dag maímánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa stúdentsprófi eða prófum við æðri mentastofnanir, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið eða numið.

#### 11. gr.

Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið alt það, sem lesið er og numið í allri lærdómsdeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í öllu því. Er kennurum skylt að haga svo prófinu í samráði við prófdómendur, að nægileg víska fáiast um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska.

#### 12. gr.

Þau nánari ákvæði, er nauðsynleg kunna að vera til að koma reglugjörð þessari í framkvæmd, skulu gefin af stjórnarráði Íslands.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 20. maí 1910.*

**Björn Jónsson.**

*Eggert Briem.*

## 2. Fjárhagsvottorð

*nemenda hins almenna mentaskóla í Reykjavík.*

Samkvæmt bréfi stiftýfirvaldanna 20. maí 1896 verða þeir nemendur, sem vilja fá námsstyrk af landsfé, að senda til rektors vottorð um fjárhag sinn og allar ástæður fyrir 1. okt. ár hvert, og gildir þetta vottorð um leið sem bónarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, er þá fer í hönd. Eyðublöð til slíks fjárhagsvottorðs fást ókeypis hjá aðalumsjónarmanni skólans í skólahúsinu, og er það svohljóðandi:\*

1. Nafn nemandans: . . . 2. Nöfn foreldra hans: . . . 3 Kom í Reykjavíkur mentaskóla árið . . og settist í . . bekk. 4. Hverja atvinnu eða embætti hefir faðir nemandans, eða — ef hann er dáinn — hverja stöðu hafði hann og hverja stöðu hefir móðirin, ef hún er á lífi? . . . 5. Eiga foreldrar nemandans fleiri óuppkomin börn en hann og eru nokkur þeirra sett til menta í öðrum skólum en barnaskólum? . . . 6. Hve miklar tekjur hefir faðirinn (eða móðirin) árlega af atvinnu sinni eða embætti? Ef faðirinn (eða móðirin) lifir á sveitabúskap eða sjávarútvegi, þarf ekki að svara þessari spurningu, en aftur á móti skal þá tilgreina, á hve mörgum jarðarhundiðum hann (hún) býr, auk þess, um sjávarbóndann, hve mörgum skipum eða bátum hann (hún) heldur úti. Auðvitað eiga bændur sem aðrir að tilgreina, ef þeir hafa tekjur af öðru aukreitiss við hliðina á sveitabúskapnum eða sjávarútveginum, t. d. af umboði, póstafrgreiðslu, smíðum o s. frv. Hefir móðirin nokkura sérstaka atvinnu, er gefi af sér nokkurar verulegar tekjur í félagsbú foreldranna, og þá hve miklar? . . . 7. Á faðirinn (eða móðirin) nokkura jarðeign, húseign, þilskip eða part úr þilskipi, fé á vöxtum eða aðra arðberandi eign? (Jarðarhundið og upphæð veðlána skal nefna, en önnur eign tilfærast í peningavirði). Hvað mikið telur faðirinn (móðirin) fram til tíundar í hundradatali? . . . 8. Á nemandinn nokkurn arf eða aðra séreign, og þá hve mikið? (Jarðarhundið skal telja, en önnur eign tilgreinist í peningavirði) . . . 9. Fær nemandinn nokkura hjálp hjá öðrum en foreldrum sínum? . . . 10. Aths., sem vottorðsveitandi að öðru leyti kann að vilja taka fram.

Að fjárhagsvottorð þetta sé rétt í öllum greinum samkvæmt minni bezlu vitund og að engu sé leynt, sem nauðsynlegt er að taka fram til að fá rétta hugmynd um fjárhag nemandans, það votta ég hér með við drengskap minn og samvizku.

..... dag .....

(Nafn vottorðsveitanda) .....

\*) Eyðurnar eru táknaðar með punktum ( . . . ).

Hér með votta eg undirskrifaður, að mér sé ekkert kunnugt, sem hnekki framanskrifuðu fjárhagsvottorði eða ósanni það í neinni grein.

..... dag .....

(Nafn þess, er staðfestir vottorðið) .....

### Til athugunar fyrir vottorðsveitendur og umsækjendur:

1. Fjárhagsvottorð nemenda hins alm. mentaskóla skulu gefin af föður nemandans. Ef hann er dáinn eða á einhvern hátt fatlaður frá að undirskrifa það, og sé nemandinn ómyndugur (ekki fullra 18 ára), þá skal móðirin gera það í föðurins stað, svo framarlega sem hún situr í óskiftu búí, en annars löglega skipaður fjárhaldsmaður nemandans (ekki skólafjárhaldsmaður nema hann sé um leið löglega skipaður fjárhaldsmaður). Sé nemandinn hálfmyndugur (fullra 18 ára, yngri en 25 ára) og eigi ekki föður á lífi skal hann sjálfur undirskrifa það með tilsjónarmanni. Sé nemandinn myndugur (fullra 25 ára) og eigi ekki föður á lífi, skal hann sjálfur undirskrifa vottorðið.
2. Auk þess skulu fjárhagsvottorðin staðfest af hlutaðeigandi sóknarpresti. Ef sóknarprestur er sjálfur vottorðsveitandi, skal það staðfest af hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.
3. Ef það sannast, að eitthvað sé ósatt eða rangt í framanskrifuðu fjárhagsvottorði og séu líkur til, að rangt sé skýrt frá af ásettu ráði, þá missir nemandinn allan þann styrk, sem hann kann að hafa haft, og getur ekki búist við að fá neinn styrk í skólanum upp frá því. Auk þess varðar það við lög, ef röng skýrsla er gefin.
4. Fjárhagsvottorðið á að vera komið til rektors skólans í síðasta lagi 1. október ár hvert og gildir um leið sem umsóknarbréf um námsstyrk eða annað styrktarfé á því skólaári, sem þá fer í hönd. Verður því að endurnýja það árlega. Verði einhver breyting til hins verra á ástæðum nemandans, eftir að vottorðið er undirskrifað, skal skólafjárhaldsmaður gera skriflega yfirlýsingu um það eftir beztu vitund og senda hana eigi seinna en 1. október, eða ef breytingin verður síðar, þá í síðasta lagi fyrir 1. marz næst á eftir. Nýsveinar þeir, sem gera sér von um styrk á 1. skólaári, verða að senda inn fjárhagsvottorð fyrir 1. marz ár hvert.

### 3. Skilyrði fyrir inntöku í skólann.

a. *Skilyrði fyrir inntöku í gagnfræðadeildina* eru tekin fram í bráðabirgðareglugjörð fyrir nefndan skóla 18. og 19. gr. og eru báðar greinarnar til leiðbeiningar hlutaðeig. endum prentaðar hér orðréttar:

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar séu ekki yngri en 12 ára og ekki eldri en 15 ára fullra, og að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk lærdómsdeildarinnar, séu ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára fullra.
- Þegar sérstaklega stendur á, getur Stjórnarráðið rýmkað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka pílta, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameistari mælir með því.
2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendunum skaðvænn.
3. Að siðferði þeirra sé óspilt.
4. Að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir siðast hefa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa búið þá undir skóla.

#### 19. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar, verður nemandinn að ganga undir próf,\* er sýni, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hér segir:

##### 1. Íslenzka munnleg.

Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kafla í óbundnu máli, og nokkurn veginn áheyrilega ólesinn kafla sögulegs efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utan bókar nokkur íslensk kvæði, helzt sögulegs efnis, og geta gert grein fyrir efni þeirra, svo að það sjáist að hann hafi skilið þau.

Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunni helztu atriðin í íslenskri beygingarfræði.

##### 2. Íslenzka skrifleg.

Með skriflegu prófi verður nemandinn að sýna, að hann geti nokkurn veginn ritvullitið, og svo, að helztu lestrarmerki séu rétt sett, skýrt skriflega frá efni í stuttri og auðskilinni sögu, sem honum er sögð eða lesin fyrir. Skal það vera hreinlega og skipulega af hendi leyst.

##### 3. Reikningur.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt, og skal nemandinn með því sýna, að hann kunni 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og hafi leikni í að nota þær til að

---

\* Inntökuprófið skal að jafnaði haldið við lok júnímán. ár hvert (sbr. reglugjörð 17. gr.). Skulu nýsveinar, áður en þeir ganga undir próf, afhenda skólastjóra hin fyrirskipuðu vottorð frá kennurum sínum um, að þeir hafi veitt þeim tilsögn, ásamt skrá yfir það, sem þeir hafa lesið, siðferðisvottorð, skirnarvottorð og bólusetningar.



leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í huganum með lágum tölum.

4. Skrift.

Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.

5. Danska.

Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslenzku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingafræði. Ennfremur verður hann að geta snúid munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslenzku á dönsku. Við prófið skal taka tillit til framburðarins,

6. Saga.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af mannkynssögunni og af sögu Íslands,

7. Landafræði.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af allri landafræðinni og nokkurn veginn nákvæma lýsingu Íslands, og kanna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan.

8. Náttúrusaga.

Nemandinn verður að þekkja allra helztu dýr, sérstaklega húsdýrin og þau önnur dýr, sem menn varða mestu, ennfremur allra helztu jurtir, sérstaklega gagnjurtir.

4. Hver sá utanskólanemandi, sem ætlar að ganga undir stúdentspróf eða gagnfræðapróf, á að afhenda skólastjóra vottorð frá manni eða mönnum, sem lokið hafa téðum prófum við hinn almenna mentaskóla, eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið.

4. *Skólabækur*. Allir nemendur eru skyldir að eiga eða hafa til notkunar alt skólaárið allar þær bækur, sem við eru hafðar í þeim bekk, er þeir sitja í, þar á meðal mállýsingar og orðabækur í hverju máli, sem kent er í bekknum. Verða slíkar bækur ekki lánaðar nemendum úr skólabókasafninu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Reykjavík í ágústmánuði 1910.

**Stgr. Thorsteinsson.**